



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 787 – 457. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli lagaskrifstofu Alþingis sem „hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála.“

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp. Hún vill þó koma því á framfæri að hún fagnar tillögum frumvarpsins og telur að ákvæði þess muni stuðla að aukinni mannréttindavernd við gerð lagafrumvarpa. Það hlýtur að teljast til réttarbóta að sérstök skrifstofa hafi það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna hvort þau samræmist mannréttindaákvæðum Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem og öðrum þjóðréttarlegum skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir á sviði mannréttinda. Mannréttindaskrifstofan leggur þó til að skýrar verði kveðið á um hlutverk lagaskrifstofu og að sérstaklega verði tekið fram að hlutverk hennar sé að gæta að því að frumvörp uppfylli ákvæði laga um mannréttindavernd.

Mannréttindaskrifstofan lýsir ánægju sinni með frumvarpið, með fyrrgreindum athugasemdum, og telur að það geti stuðlað að vandaðri löggjöf.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur